




HVAÐ ER Á SEYÐI UM HELGINA?



Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkprófastsdæmi
sunnudaginn 20. nóvember 1983.

ARBÆJARPRESTAKALL. Barnasamkoma í Safnaðarheimili Arbæjarsóknar kl. 10.30 árd. Guðsþjónusta í Safnaðarheimilinu kl. 2. Öllu eldra fólki í söfnuðinum sérstaklega boðið til guðsþjónustunnar. Samvera og kaffiveitingar Kvenfélags Arbæjarsóknar eftir messu. A samkomunni talar sr. Sigurbjörn Einarsson biskup og Guðrún Tómasdóttir syngur ein-söng, auk annarra dagskrárliða. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ASPRESTAKALL. Barnaguðsþjónusta að Norðurbrún 1 kl. 11. Messa á sama stað kl. 2. Sr. Arni Bergur Sigurbjörnsson.

BREIÐHOLTSPRESTAKALL. Laugardagur: Barnasamkoma kl. 11. Sunnudagur: Messa kl. 14 í Breiðholtsskóla. Sr. Lárus Halldórsson.

BÚSTAÐAKIRKJA. Barnasamkoma kl. 11. Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Fundur Bræðrafélags Bústaðakirkju mánudagskvöld kl. 20.30. Félagsstarf aldræðra miðvikudag milli kl. 14 og 17. Æskulýðsfundur miðvikudagskvöld kl. 20. Sr. Ólafur Skúlason.

DIGRANESPRESTAKALL. Laugardagur: Barnasamkoma í Safnaðarheimilinu við Bjarnhólastig kl. 11. Sunnudagur: Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 2. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

DÓMKIRKJAN. Kl. 11. Prestsvígsla. Biskup Íslands, hr. Pétur Sigurgeirsson, vigir guðfræðikandidat Jón Helga Þórarinnsson til prestsþjónustu við Friðkirkjuna í Hafnarfirði. Dr. Einar Sigurbjörnsson lýsir vígslu. Vígsluvottar auk hans eru sr. Pétur Þórarinnsson á Möðruvöllum, sr. Bragi Friðriksson prófastur og sr. Bernháður Guðmundsson fréttafulltrúi. Altarisþjónusta annast sr. Þórir Stephensen. Kl. 2 messa. Sr. Hjalti Guðmundsson. Laugardagur: Barnasamkoma að Hallveigarstöðum kl. 10.30. Sr. Agnes Sigurðardóttir.

ELLIHEIMILÍÐ GRUND. Messa kl. 2. Sr. Magnús Guðjónsson biskupsritari messar. Félag fyrrverandi sóknarpresta. Aðalfundur Félags fyrrverandi sóknarpresta verður að aflokinni guðsþjónustu.

FELLA- og HÓLAPRESTAKALL. Laugardagur: Barnasamkoma í Hólalabrekkskóla kl. 2. Sunnudagur: Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11. Guðsþjónusta í Menningarmiðstöðinni við Gerðuberg kl. 2. Sr. Hreinn Hjartarson.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK. Barna- og fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Guðspjallið í myndum. Barnasálmur og smábarnasöngvar. Afmælisbörn boðin sérstaklega velkomin. Sunnudagspóstur handa börnunum. Framhaldssaga. Við pianóíð Pavel Smid. Almenn guðsþjónusta kl. 14. Altarisganga. Safnaðarprestur prédikar og þjónar fyrir altari. Tekið verður í notkun nýtt altarisklæði og nýr hátíðahökkull sem Hólmfríður Arnadóttir hefur unnið, en Kvenfélag Fríðkirkjunnar fær kirkju og söfnuð að gjöf. Eftir messu verður kaffisala í umsjá Kvenfélagsins á Hótel Sögu, til styrktar orgelsjóði. Þar verða til sölu postullinsvasarnir sem gerðir hafa verið í tilefni 80 ára afmælis Fríðkirkjunnar á þessu ári. Sr. Gunnar Björnsson.

GRENSÁSKIRKJA. BARNASAMKOMA kl. 11. Guðsþjónusta kl. 2. Organleikari Arni Arinbjarnarson. Kvöldmessa með altarisgöngu kl. 20.30. „Ný tónlist“. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20.30. Æskulýðsfundur á föstudag kl. 17 og kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA. Laugardagur: Basar Kvenfélags Hallgrímskirkju hefst kl. 2. Sunnudagur: Messa kl. 11. Organisti Gústaf Jóhannesson. Barnasamkoma á sama tíma. Börnin komi í kirkju og taki þátt í upphafi messunnar. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Kvöldmessa með altarisgöngu kl. 17. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjudagur kl. 10.30: Fyrirbænauguðsþjónusta, beðið fyrir sjúkum. Miðvikudagur 23. nóv.: „Náttöngur“. Fimmtudagur kl. 14.30: Opið hús fyrir aldræða.

LANDSPÍTALINN. Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

HÁTEIGSKIRKJA. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 2. Organleikari dr. Orthulf Prunner. Sr. Arngrímur Jónsson.

KÁRSNESPRESTAKALL. Laugardagur: Barnasamkoma í Safnaðarheimilinu Borgir kl. 11.00. Sunnudagur: Fjölskylduguðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11.00 árd. Heimsókn barna úr Tónlistarskóla Kópavogs. Sr. Arni Pálsson.

LANGHOLTSKIRKJA. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur — sögur — myndir. Guðsþjónusta kl. 2. Prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson, organleikari Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.



Litla leikfélagið í Garðinum:

Frumсыning á Spansk- flugunni í kvöld

Litla leikfélagið í Garðinum frumсыnir í kvöld, föstudag kl. 20.30, hið vinsæla leikrit „Spanskfluguna“ eftir Arnold og Bach með söngtextum eftir Böðvar Guðmundsson.

Leikstjóri er Guðrún Ásmundsdóttir. Hún þekkir þetta leikrit mjög vel því hún setti það upp þegar það var sýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1970 en það gekk þar í tvö ár og alltaf fyrir húsfylli.

Þetta er í fyrsta sinn sem Guðrún vinnur að uppsetningu á leikriti með áhugaleikhópi og sagði hún í stuttu spjalli við DV að hún hefði haft mjög gaman af að vinna með hinum áhugasama hópi í Garðinum. „Hann hefur kennt mér meira á þessum tíma en ég gat kennt honum,“ sagði Guðrún.

Litla leikfélagið í Garðinum er með mjög harðsnúð lið og er jafnan mikil gróska í starfsemi þess. Það setur upp þrjú leikrit á ári — á sama tíma og atvinnuleikhús hér setja upp fimm leikrit.

Reikna má með góðri aðsókn að „Spanskflugunni“ í Garðinum eins og annars staðar þar sem þetta skemmtilega leikrit hefur verið sýnt. Frumсыningin verður í kvöld, eins og fyrr segir, en önnur sýning verður á sunnudaginn. -klp-

Bókasýning í Amts- bóka- safninu

Þýsk-íslenska félagið á Akureyri opnar bókasýningu í Amtsbókasafninu í dag. eru þarna sýndir um 250 titlar og eru allar bækurnar fengnar frá samtökum bókaútfenda í Þýskalandi og fyrir milligöngu Þýsk-íslenska félagsins. -klp-

INGUNN EYDAL MEÐ SÍNA FYRSTU MÁLVERKASÝNINGU

A morgun kl. 14 opnar Ingunn Eydal málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. eru á sýningunni rúmlega 40 málverk, flest unnin á þessu ári.

Ingunn nam grafik við Myndlista- og handiðaskóla Íslands auk annars myndlistarnáms. Hefur hún tekið þátt í um 50 grafiksýningum hér heima og erlendis. Eiga opinberar stofnanir í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi verk eftir hana.

Þetta er fyrsta (málverka)-einkasýning Ingunnar Eydals og er hún haldin í tilefni þess að hún hlaut starfslau Reykjavíkurborgar 1983.

Sýningin stendur til 4. desember og er opin daglega frá 14—22. Lokað er kl. 17—19 opnunardaginn. Aðgangur að sýningunni er ókeypis. -klp-



Líf og land:

Ráðstefna um Þjóðarvandann

Samtökin Líf og land efna til ráðstefnu á Hótel Borg næstkomandi



Hér sjást nokkrir þeirra aðila sem munu halda erindi á ráðstefnu Lífs og lands um þjóðarvandamálin um helgina. DV-mynd S.

laugardag í því skyni að hrinda af stað þjóðarumræðu um þann alvarlega vanda sem Íslendingar eiga nú við að glíma á mörgum sviðum. Ráðstefnan, sem hefst klukkan 9.30, verður með nýstárlegu sniði þar sem blandað verður saman erindaflutningi og yfirheyrslum.

Meðal þeirra sem flytja erindi og verða yfirheyrðir eru forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, og Albert Guðmundsson fjármálaráðherra. Að loknum erindaflutningnum fara fram pallborðsumræður.

Öll erindin sem flutt verða á ráðstefnunni verða gefin út í sérstakri bók, „Þjóð í kreppu“, sem verður til sölu á ráðstefnunni.

Ráðstefnan er öllum opin. SpS

„Draumur í höfðinu“

— Athyglisverð sýning hjá Stúdentaleikhúsinu


„Við getum sagt að þetta sé tilraun til kynningar á nýjum bókum því þetta eru allt bækur sem eru að koma út eða hafa komið út að undanfögnu,“ sagði Arnór Benónýsson, sem er leikstjóri á mjög athyglisverðri sýningu sem Stúdentaleikhúsið frumсыnir á sunnudaginn kl. 20.30 í Félagsheimili stúdenta við Hringbraut.

„Sumir kaflar úr bókunum eru færðir í leikform, það er lesið upp úr öðrum, fluttar smásögur og ljóð og tónlist tengir dagskrána síðan saman,“ sagði Arnór.

Að sýningu þessari standa á milli 20 og 30 manns en flytjendur eru 13 talsins.

Kynnt verða verk eftir Berglindi Gunnarsdóttur, Birgi Svan Simonarson, Einar Mú Guðmundsson, Einar Kárason, Gyrði Elíasson, Ísak Harðarson, Kristín Sæmundsson, Kristínu Bjarnadóttur, Ólaf Hauk Simonarson, Pál Pálsson, Sigmundur Erni Rúnarsson, Steinunni Sigurðardóttur, Vigdís Grímsdóttur og Þórarin Eldjárn.

Leikmynd gerði Sigríður E. Sigurðardóttir, lýsing annast Einar Bergmundur og tónlist er í höndum Jóhanns G. Jóhannssonar. -klp-



Kristján Frján Magnússon í hlutverki sínu sem byggt er á kafla úr bókinni „Beðið eftir strætó“ eftir Pál Pálsson, sem Stúdentaleikhúsið sýnir á sunnudaginn.